

Nd.

## 26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1944“ í ákvæði til bráðabirgða komi: til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, sem nú er orðið 82 ára gamalt, fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar sett voru lög um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, og var heimildin veitt með ákvæði til bráðabirgða og gildir nú til loka yfirstandandi árs. Öll sömu rök og áður lágu fyrir, þegar undanþága var veitt bátaábyrgðarfélaginu, eru enn fyrir hendi, og er hér farið fram á það, að fram- lengd verði heimild félaginu til handa að starfa áfram á sama hátt og það hefur gert hingað til.

Um hag og starfsemi félagsins leyfi ég mér að öðru leyti að visa til bréfs stjórnar bátaábyrgðarfélagsins til Alþingis, sem hér fer á eftir:

### BÁTAÁBYRGÐARFÉLAG VESTMANNAEYJA

Vestmannaeyjum, 22. janúar 1944.

Á aðalfundi Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, 21. desember 1943, var eftir- farandi tillaga samþykkt með öllum atkvæðum fundarmanna:

„Aðalfundur Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, haldinn 21. desember 1943, skorar á stjórn félagsins að fylgja fast eftir við Alþingi og ríkisstjórn, að fram- lengd verði undanþága sú, er félagið hefur haft til þess að starfa sjálfstætt, þ. e. óháð lögum um váttryggingarfélög vélbáta frá 11. júní 1942.“

Eins og háttvirtu Alþingi er kunnugt, hefur umrædd undanþága fengizt til ársloka 1944.

Þar sem hér er um geysimikið hagsmunamál að ræða fyrir útgerð í byggðar- laginu, jafnframt því, sem það er félaginu metnaðarmál að starfa áfram sjálf- stætt, eins og það hefur gert frá stofnun félagsins 26. janúar 1862, er félagið nú þegar 82 ára gamalt, og mun það vera elzta tryggingarfélag hér á landi.

Það mun nú vera svo, að iðgjöld hjá öðrum váttryggingarfélögum hér á landi, er tryggja skip og báta í innanlandssiglingum og við fiskveiðar við strendur lands- ins, eru reiknuð 8% af váttryggingarverði bátanna og af þessu iðgjaldi ekki greitt neitt til baka (bónus).

Hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja er iðgjaldið ákveðið 5% af váttryg- gingarverði bátanna, og af því hefur verið endurgreitt til tryggjendanna (bónus) sem hér segir:

1932	20 %	af iðgjaldinu, því raunverulegt iðgjald	1932	4 %
1933	25 — —	— — — — —	1933	3,75 —
1934	25 — —	— — — — —	1934	3,75 —
1935	35 — —	— — — — —	1935	3,25 —
1936	30 — —	— — — — —	1936	3,50 —
1937	30 — —	— — — — —	1937	3,50 —
1938	25 — —	— — — — —	1938	3,75 —

1939	50 %	af iðgjaldinu, því raunverulegt iðgjald	1939	2,50 %
1940	40 — — — — —		1940	3,00 —
1941	30 — — — — —		1941	3,50 —
1942	15 — — — — —		1942	4,35 —

Þess skal hér getið, að árið 1942 greiddi félagið 3 báta, er fórust í ofviðri, er gerði þann 1. marz. Félagið tók og einn bát úr strandi. Þann bát hrakti héðan, og fór hann upp í Grindavík þann sama sólarhring. Báturinn varð þéttur á strandstaðnum, dreginn hingað og við hann gert. Varð björgunin og viðgerðin félaginu eins dýr og báturinn hefði farizt sem hinir bátarnir. Félagið greiddi því það ár út 4 báta.

Þótt félagið hafi endurgreitt félögum sínum eins og að framan er sagt, hefur það þó árlega aukið sjóðseign sína.

Félagið greiðir allan kostnað við virðingar báta þeirra, er tryggðir eru hjá félaginu.

Félagið tryggir endurgjaldslaust talstöðvar þeirra báta, er félagið tryggir, en það munu vera um 60 bátar, er slík tæki hafa og tryggðir eru hjá félaginu.

Eins og sjá má af framansögðu, munu þetta vera þau lægstu iðgjöld, sem til þekkest.

Félagið hefur ávallt fylgt þeirri reglu að endurbyggja helming þeirrar upp-hæðar, er það hefur tekið ábyrgð á. Sú endurbygging hefur verið tekin hjá Sam-ábyrgð Íslands á fiskiskipum, og er hún gerð gegn algeru skiptapi og björgun. Fyrir það greiðir félagið 3% af váttryggingarupphæðinni. Er um þessa endurbygg-ingu samningur gerður árið 1929 milli félagsins og samábyrgðarinnar. Jafnframt því sem endurbygging þessi hefur dregið skynsamlega úr áhættu félagsins, hefur endurtryggingarfélagið hagnað stórlega á þessum viðskiptum.

Að iðgjöld félagsins eru svo lág sem raun ber vitni um, teljum við mest því að þakka, að félagssvæðið er svo takmarkað sem það er, og þá jafnframt því, að stjórn félagsins hefur aðstoðu til að fylgjast — og fylgist — með öllum brotum, er bátarnir verða fyrir, hvernig við brotin er gert og hve dýrar viðgerðirnar reyn-ast. Svo er og um aðstoð, er bátarnir veita hver öðrum, að þar er í hóf stillt kröfum og greiðslum fyrir aðstoðina.

Stjórn félagsins telur ábyrgðartilfinningu félagsstjórnar og félagsmanna rik-ari gagnvart félaginu og velfarnaði þess fyrir það, að félagið er sjálfstætt félag, óháð öðrum félögum.

Það eru því eindregin tilmæli okkar til hins háa Alþingis, að það veiti fé- laginu áfram það sjálfsagða frelsi, sem það hefur hingað til notið, og veiti fé- laginu áfram undanþágu frá lögum um váttryggingarfélög fyrir vélbáta frá 11. júní 1942. Við teljum það sérstaklega óheppilegt, ef félag, sem starfað hefur yfir 80 ár jafn farsælega og þetta félag hefur starfað, ætti nú að sæta þeim örlögum að verða með lagaboði lagt niður.

Virðingarfyllst.

Í stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja.

Jón Ólafsson.

Karl Guðmundsson.

Jónas Jónsson.

Til Alþingis, Reykjavík.